

## Auglýsing - kall eftir ágripum – ráðstefna Kennsluakademíu 2025

Ráðstefna um háskólakennslu  
Veröld Húsi Vigdisar - 21. nóvember 2025



### Kall eftir ágripum – ráðstefna um háskólakennslu

Kennsluakademía opinberu háskólanna heldur sína árlegu ráðstefnu í Veröld – húsi Vigdísar, **föstudaginn 21. nóvember 2025 klukkan 9:00 – 17:00**. Ráðstefnan er ætluð öllum þeim sem láta sig kennslu á háskólastigi varða, kennurum, nemendum og stjórnendum.

Gestgjafar ráðstefnunnar í ár eru meðlimir Kennsluakademíunnar af Heilbrigðisvíðasviði Háskóla Íslands.

Þátttaka er gjaldfrjáls og öllum opin en skráningar er krafist til að hægt sé að áætla fjölda. [Hér er skráning](#). Boðið verður upp á kaffi og te meðan á ráðstefnu stendur og léttar veitingar að ráðstefnu lokinni.

### Áhersla ráðstefnunnar er: Gervigreind í námi og kennslu á háskólastigi.

Athugið þó að öll ágrip tengd háskólakennslu eru velkomin.

Áhugasamir um að halda erindi sendi 250-300 orða ágrip á netfangið [kennsluakademia@hi.is](mailto:kennsluakademia@hi.is) ásamt titli, höfundi og flytjanda erindis. Erindin geta hvoru tveggja fjallað um rannsókn á eigin kennslu og/eða lýsingu á nýjungum, breytingum eða áskorunum í kennslu og hvernig kennari tókst á við verkefnið. Ráðstefnan er að mestu haldin á íslensku. Skili fólk ágripi á ensku er þó gert ráð fyrir að erindið verði flutt á ensku.

**Skilafrestur ágripa er til 10. október næstkomandi.** Samþykkt ágrip verða birt á vefsíðu Kennsluakademíunnar að ráðstefnu lokinni. Frekari upplýsingar má finna á [heimasíðu akademíunnar](#).

The Teaching Academy's conference - Call for abstracts

CONFERENCE ON UNIVERSITY  
TEACHING

Veröld – House of Vigdís – 21 November 2025



The Teaching Academy of Public Universities will hold its annual conference in Veröld – House of Vigdís, on **Friday, 21 November 2025, from 9:00 AM to 5:00 PM**. The conference is intended for everyone concerned with university-level teaching, including instructors, students, and administrators.

This year's conference hosts are members of the Teaching Academy from the School of Health Sciences at the University of Iceland.

Participation is free of charge and open to all, but registration is required to estimate attendance. [You can register here](#). Coffee and tea will be served during the conference, and light refreshments will be provided afterwards.

The focus of the conference is:

**Artificial intelligence in learning and teaching in higher education.**

Please note, however, that all abstracts related to university teaching are welcome.

Those interested in giving a presentation should send a 250–300-word abstract to [kennsluakademia@hi.is](mailto:kennsluakademia@hi.is), including the title, authors, and presenter of the talk. Presentations can cover both research on one's own teaching and/or a description of innovations, adaptations, or challenges in teaching and how the teacher approached the task. The conference will be held mostly in Icelandic. If an abstract is submitted in English, it is nonetheless expected that the presentation will be delivered in English.

**The deadline for submitting abstracts is 10<sup>th</sup> of October.** Accepted abstracts will be published on the Teaching Academy's website after the conference. Further information can be found on the [Academy's website](#).